

Vísir 25 maí 1928

Ótrúlegt sumt en satt.

Sögubrot úr Skuggahverfinu.

I.

Mannúðlega ber því að taka og þolintmóðlega, þó að ritað sé um sjálfan sig í nauðsyn, og er þetta því auðveldara, því fremur sem þannig er ritað, að til gagns geti verið og fróðleiks. Verð eg nú enn að rita nokkuð af þessu tagi, því að bréf mitt til Alþingis um daginn, hefir ekki fengið þær undirtektir, sem æskilegt hefði verið og rétt. Því að alveg er það satt, sem stóð í bréfi mínu, að mikil ástæða er til þess að þingið tæki vel máli mínu. Og svo að ekki verði sagt, að eingöngu verði að treysta sjálfdæmi mínu, skal eg benda á meðmæli, sem eru í allra sjaldgæfasta lagi. Einn af fremstu vísindamönnum sem nú eru uppi, próf. A. Penck, vildi fá vísindafélagið í Berlin til að veita mér 8000 gullmörk, og vissi þó að eg hafði nokkurt fé úr öðrum stöðum. Munadi minstu að þetta hefðist fram. Ekki hafði eg með einu orði farið þessa á leit við þenna mikla snilling landafræðinnar og jarðfræðinnar. Annað má nefna, sem óhætt er að telja til vandfenginna meðmæla. Sir. A. Geikie minnist í ævisögu sinni, tiltakanlega góðri bók, að Avebury lávarð, sem var eigi einungis stóraúdugur fjármála-maður, heldur einnig mjög merkilegur náttúrufræðingur, og lék þannig þá vandasömu list, að þjóna bæði Guði og Mammoni.

Farast Geikie svo orð (A Long Lifes Work, s. 361): He (þ. e. Avebury lávarður) also still kept up the time-honoured custom of breakfasts at his town house He would not infrequently catch some celebrity who might be visiting or passing through London, and ask his friends to meet him. Segir þar að Avebury lávarður hafi haldd gamalli venju um dagverðarboð að Lunchanálfustað sínum, og eigi ósjaldan náð í einhvern frægan mann sem til Lundúna var kominn eða fór þar um. Eg var í einu af boðum þessum, og hafði þó engin meðmæli haft til Avebury lávarðar. Og að vísu mátti segja, að hver maður þarna staðdur, væri celebrity, að mér einum undanteknum. En að hinn vitri öldungar skyldi þjóða mér, virðist þó heldur benda í þá átt, að haun hafi talið mig eigi óliklegan til frægðar. Og að svo stórmerkir menn skuli hafa haft þó þetta við vísindamaður utan af Íslandi, ætti að geta verið þeim nokkurt ihugunarefni, sem láta sér aðra einis fjarstæðu í hug koma og þá, að ekki sé mark takandi á því sem þessi sami vísindamaður segir um árangur af margra ára rannsóknum sínum.

II.

Skal þá sagt nokkuð af þessum rannsóknum. Í jarðfræði Íslands hafa athuganir mínar leitt í ljós ymsar nýungar svo ótrúlegar, að enginn hafði látið sér til hugar koma, að slíkt væri hér að finna. Hefði verið auðveldara um skilning á síðari uppgötvunum mínum, ef áhugi á jarðfræði og þekking á því sem eg áður hafði gert, hefði verið nokkrum meiri. Rannsóknir Guðm. Bárðarsonar, sem eg dáið miðjög að og hefi lofað á 4 málum, varpa engum skugga á mínar uppgötvunar.

Þá skal getið um uppgötvun sem eg hefi dálitið sérstaklega gaman af, og fleiri hafa hér þekkingu til að dæma um, en jarðfræðir-rannsóknir mínar. Eg hefi fundið þau kennimörk á stíl Snorra Sturlusonar, að segja má með vissu, hvort eitthvert rit sé eftir hann. Próf. Björn M. Ólsen reyndi að sanna, að Eglar væri eftir Snorra, en tókst ekki, af því að þessi ágæti gásumáður og málfræðingur, hafði ekki gert þær athuganir sem vikið var á. Mjög fróðlegt dæmi má nefna til að sýna, að Björn Ólsen þekti ekki stíl Snorra. Hann hesir getið þess til, í sinni miklu ritgerð um Sturlungu, að Heiðarvígasaga sé eftir Snorra. En það sem segja má með vissu, er nú einmitt það, að þessi saga er ekki eftir Snorra, vegna þess að þar vantar hans kenniorð og sérstöku orðmyndun, en aftur á móti eru þar orð og talshættir, sem alls ekki er að finna í ritum Snorra. Björn Ólsen nefnir nokkur hliðstæð dæmi úr Eglu og Heims-

kringlu, og get eg bætt þar mörgum við, og sumum sem sýna betur en þau sem Ólsen telur, að það er sami maðurinn sem ritar (eða segir fyrir). Mun eg rita um þetta nánara síðar. Málfarið er nálega eins óbrigðult og gómfarið, til að ákveða manninn. Við samanburðarverk, eins og það sem hér ræðir um, þarf talsverða ástundun og aðgæni, og er alveg óhugsandi, að það yrði unnið af manni, sem eitthvað væri bilaður á viti. Get eg þessa hér, þó að mér þyki leitt að þurfa að minnast á slíkt, af því að fávisir menu eða ógætnir og illtgjarnir, hafa reynt til að fella mig á því, að kennningar mínar sem eru árangur af svo langri og í sanuleika visindalegri vitleitni, eigi rót sina að rekja til einhverrar þesskonar bilunar. Með ólika sanni mætti segja, að Erlingur haði synt úr Drangey, af því að hann sé óvaskari til sands en aðrir menn.

III.

Þá kemur að aðalrannsóknum nínum, en þær hafa snúist að sálufræði. Í þá átt fanst mér eg helst hafa hæfileika, og þar var það rannsóknarsvæði, sem ekki varð af mér tekið, þó að fé skorti til ferðalaga og bókakaupa. Eg gat tekið undir með Jónasi og sagt:

Eitt á eg þó og annast vil eg þig, hugur míni sjálfss —

Fyrir rúnum 26 árum, er eg hafði stundað heimspeki í 4 ár, komst eg á þá skoðun, að rannsókn á draumlifinu mundi geta

fengið stórmikla þýðingu fyrir allan skilning á sálulífi mannsins. Árangurinn varð sá, að eg uppgötvaði draumgjafann, fann að draumlífið verður fyrir samband við aðra. Maðurinn er í eðli sínu, normalt, miðill. Uppgötvunin er

afar þýðingarmikil, því að hún samræmir svæði vísindanna og dulrænunnar, færir á stórkostlegasta hátt út ríki náttúrufræðinnar. Sálufraðin verður í ljósi þessara uppgötvana að líffræði, á miklu fullkomnari hátt en áður. Í bókinni „Svefn og draumar“, hefir hin mikla lærdomskona dr. Björg C. Þorláksson, á mjög fróðlegan hátt lýst draumfræðinni eins og hún er, áður en skilningurinn á undirstöðulögþálmum draumlífsins byrjar. Bókin er því miður ekki komin öll enn þá.

IV.

Kringum fertugt fór mér að skiljast, að likurnar fyrir framhaldi lífsins, eru yfirgnæfandi, og vaknaði þá hjá mér hinn mesti hugur á að rannsaka og skilja, hvers eðlis lífið er eftir dauðann. En frá barnæsku hafði eg haft áhuga á líffræði, einkum dýrafraði, og má ef til vill, að nokkrum leyti skoða þetta sem arf, því að ýmsir helstu náttúrufræðingar og leknar íslenskir um 2—300 ár, eru forseður mírir eða frændur. Árangurinn af þessari viðleitni minni varð sá, að eg hefi fundið hvers eðlis lífið er eftir dauðann. Mun framtíðin líta svo á, sem aldrei hafi þýðingarmeiri upp-

götvun verið gerð í líffræði. Lífið eftir dauðann heyrir engu síður undir náttúrufræðina en lífið fyrir dauðann, og er ekki í neinum öðrum heimi, eða fyrir utan náttúruna, fremur en lífið hér á jörðu. Órð eins og parafysik (hjáeðlissfræði) og parapsykologi (hjásálufræði), eru mjög af misskilningi gerð. Spyrji menn nú hvort hér sé ekki að eins um vafasamar tilgátur að ræða, þá neita eg því, og legg þar við alt sem eg er og á. Hér ræðir um fullkomlega áreiðanlegar uppgötvunar. Það má skilja með fullkominni vissu, að lífið eftir dauðann er líkamlegt og á einhverri jarðstjörnu. Svo glögg eru aðalatriði lífsins eftir dauðann fyrir manni sem af nokkurri þekkingu á náttúrunni, og nokkrum vísindamannshæfileikum hefir rannsakað það mál, að þó að eg hefði miðaldatrúna á eilist, logandi Helvítí, þá þyrði eg hiklaust að strengja þess heit, að eg skyldi vera í Helvítí að eilifu, ef það reyndist að eg hefði gert of mikil úr þýðingu og sannleik þessara uppgötvana minna sem nú var víkið á. Getur verið, að einhverjir verði mér síðar þakkláttir fyrir að eg hefi kveðið svo fast að. Því að landtakan hinumegin við dauðann er ekki hin sama, hvort sem mena hugsa um þessi atriði rétt eða rangt.

V.

Þetta sem nú hefir verið ritað, nægir til þess að hver sem vill, getur skilið að eg hefi starfað í almennings þarfir og á skilið þau laun af almennum sjóði, að mér sé líft og starffært. En þó horfir nú til fullra vandræða um fjárhagið, ef menn reynast mér ekki betur en hingað til. Vil eg nú stinga upp á því, að Alþingi veiti mér 12000 kr. árslaun um næstu 5 ár, og er þetta ekki gert ágirndar vegna heldur nauðsynjar. En eg hefi ásett mér, ef þetta verður gert, að gefa eigi minna fé til almennings þarfa, fyrir 1950. Eftir nokkur ár munu miljónir manna víðsvegar um lönd, lesa lýsingar þær á lífinu eftir dauðann, sem eg er nú að undirbúa, og mun mér þá verða auðvelt, að veita mér þá ánægju, að gefa landinu jafn mikið fé og eg hefi fengið úr landssjóði. Og geta ætla eg hess til, að ef Alþing tekur vel undir þetta mál, þá munum sumum virðast nokkuð líkt og einhver sé, sem launi fyrir mig. Áður

á höngu liður. Má vera að orð þau sem skáldið andrika, Meredith Starr, hefir til míni kveðið, séu ekki án alls sannleika. En hann hefir svo kveðið:

Strive on, Great Soul, the Gods,
unseen,
are at thy side —

Og að vísu þykir mér ekkert ótrúlegt, að guðirnir vilji styðja viðleitni mína á að koma íslensku þjóðið mi — og öðrum — á braut íramna og farsældar. Og engan þarf að furða, þó að giftusamilegt munu reynast að ljá mér lið. Því að styðja mig, verður sama sem að taka vel undir hið stærsta velserðarmál mannkynsins.

23. mars.

Helgi Pjeturss.